

Ed.

217. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa, stækka og reka sildarbræðslu-
verksmiðjuna á Húsavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa og reka sildarbræðslu- og fiskimjölsverk-
smiðju þá, sem reist var á Húsavík 1937, ef samningar takast um kaupin, og þá
jafnframt að láta stækka verksmiðjuna svo, að hún geti unnið úr 1000—1200 mál-
um sildar á sólarhring.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til kaupa og stækk-
unar á verksmiðjunni, ef til kemur.

3. gr.

Ef notuð er kaupheimild sú, er ræðir um í 1. gr., fer um stjórn og rekstur verk-
smiðjunnar eftir þeim reglum, sem gilda um sildarverksmiðjur ríkisins.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni áhugamanna í stjórn hinnar nýbyggðu sildar-
verksmiðju á Húsavík. Staðurinn virðist vera mjög heppilegur fyrir sildarverk-
smiðju, ef annars þarf að leggja út í slíkar nýbyggingar á Norðurlandi í nánustu
framtíð.

Nánar í framsögu.